

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, iðnaðar-, viðskipta- og þjónustusvæði við Kaplakrika.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að skipt er út texta í greinargerð á síðu 61 þannig að viðmiðun fyrir hámarksnýtingarhlutfall lóða á svæði fyrir iðnað, viðskipti og þjónustu við Kaplakrika eykst úr 0,4 í 0,4-1,0.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. ágúst 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.